

# SIÐA- OG HÁTTERNISREGLUR ÍSLANDSSJÓÐA

## 1. GILDI ÍSLANDSSJÓÐA, MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

### 1.1. Gildi Íslandssjóða

Íslandssjóðir eru dótturfélag Íslandsbanka og tilheyra samstæðu bankans. Íslandssjóðir hafa tekið upp gildi samstæðunnar sem eru: Eldmóður, Samvinna og Fagmennska. Starfsfólk Íslandssjóða hefur metnað fyrir árangri viðskiptavina sinna. Það vinnur saman að lausnum fyrir viðskiptavinum með fagmennsku að leiðarljósi. Starfsfólk leggur sig alltaf fram við að ná góðum árangri.

### 1.2. Markmið og gildissvið

Reglum þessum er ætlað að stuðla að góðum starfsháttum innan félagsins. Þeim er jafnframt ætlað að styðja við aðrar reglur og stefnur sem félagið hefur sett sér. Reglur þessar eru settar á grundvelli laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði og laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og reglugerða settra á grundvelli laganna.

Reglur þessar gilda um alla starfsemi, starfsmenn, stjórnendur og stjórn Íslandssjóða. Starfsmenn staðfesta að þeir hafi kynnt sér efni regnanna og að skuldbinda sig til að fylgja þeim.

## 2. VINNUSTAÐURINN

### 2.1. Áhættumenning

Góð áhættumenning er grundvöllur að góðri og upplýstri ákvörðunartöku. Starfsmenn sækja viðeigandi þjálfun og fræðslu til þess að geta sinnt starfi sínu sem best. Starfsmenn hvetja til opinna samskipta og veita uppbyggilega gagnrýni. Starfsmenn eru ábyrgir í þeim störfum sem þeir taka sér fyrir hendur.

#### Hvað þýðir það fyrir þig?

- Þú tekur ákvarðanir með áhættumenningu og áhættuvilja félagsins að leiðarljósi.
- Þú hugsar um orðspor félagsins við ákvarðanatöku.
- Þú hvetur til opinna samskipta og veitir uppbyggilega gagnrýni í störfum þínum.

### 2.2. Einelti og áreitni

Íslandssjóðir leggja áherslu á að skapa umhverfi sem styður við almenna velferð starfsmanna. Starfsumhverfið á að vera uppbyggilegt og laust við einelti og mismunun. Allt starfsfólk á rétt á því að komið sé fram við það af virðingu og að það sæti ekki einelti, smánun, kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni né ofbeldi af nokkru tagi. Framangreind hegðun er aldrei liðin, hvorki af hálfu starfsmanna eða viðskiptavina.

#### Hvað þýðir þetta fyrir þig?

- Þú kemur fram við aðra starfsmenn og viðskiptavini af virðingu, háttvísi og heiðarleika.
- Þú hafnar áreitni, mismunun og ósæmilegri hegðun.
- Þú beinir tilkynningu þar um í viðeigandi farveg teljir þú þig hafa orðið fyrir einelti, áreitni eða ofbeldi á vinnustaðnum eða verðir þú vitni að slíku athæfi.

### 2.3. Persónuvernd

Félagið leggur áherslu á að farið sé með persónuupplýsingar í samræmi við lög og reglur um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og hefur sett sér stefnu um meðferð persónuupplýsinga.

#### Hvað þýðir þetta fyrir þig?

- Þú þekkir viðeigandi reglur sem gilda um vinnslu persónuupplýsinga.
- Þú tilkynnir strax ef upp kemur öryggisbrestur við vinnslu persónuupplýsinga.
- Þú nýtir ekki persónuupplýsingar í öðrum tilgangi en heimilt er.

- Þú leitar til persónuverndarfulltrúa félagsins ef þú ert í vafa um vinnslu persónuupplýsinga.

## 2.4. Ábyrgar fjárfestingar – heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Íslandssjóðir hafa sett sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Meginmarkmið Íslandssjóða er að skila viðskiptavinum sínum góðri áhættuleiðréttri ávöxtun og uppfylla kröfur þeirra og þarfir þeirra um eignadreifingu. Markmiðinu er meðal annars náð með því að fjárfesta með ábyrgum hætti og sýna frumkvæði þegar kemur að umhverfisvernd, félagslegum þáttum og stjórnarháttum (UFS).

Íslandssjóðir telja heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna stuðla að bættri stöðu mannkyns og verndun lífríkis jarðar. Til að yfirlýst markmið náist fyrir árið 2030 þurfa allir að leggjast á árarnar. Félagið hefur ákveðið að leggja sérstaka áherslu þrjú heimsmarkmið: Aðgerðir í loftlagsmálum, nýsköpun og uppbyggingu og jafnrétti kynjanna.

### Hvað þýðir þetta fyrir þig?

- Þú þekkir stefnu Íslandssjóða um ábyrgar fjárfestingar og tekur mið af þeim í störfum þínum.

## 2.5. Tilkynningar er varða misferli

Starfsmenn stuðla að góðum viðskiptaháttum og trausti á fjármálastarfsemi með því að hvetja til opinna samskipta. Félagið hvetur starfsmenn og ytri aðila til að tilkynna ef þeir verða varir við, hafa vitneskju eða grun um hugsanlegt misferli sem tengist starfsemi félagsins.

### Hvað þýðir þetta fyrir þig?

- Þú tilkynnir grun um misferli til réttis aðila, t.d. frávik frá lögum og reglum, svik, misnotkun á upplýsingum, sé öryggi á vinnustað ekki uppfyllt eða ofbeldi.
- Þú þekkir ferla er varða tilkynningar á meintu misferli innan félagsins.

## 3. VIÐSKIPTAHÆTTIR

### 3.1 Skylda til að starfa með hagsmuni sjóða eða fjárfesta sjóðanna og heilleika markaða að leiðarljósi

Starfsmenn skulu tryggja að eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðum undir þeirra stjórn fái sanngjarna meðhöndlun.

### Hvað þýðir þetta fyrir þig?

- Þú starfar ætíð með hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi .
- Þú setur ekki hagsmuni eins hóps eigenda hlutdeildarskírteina ofar hagsmunum annars hóps.
- Þú starfar með þeim hætti að komið sé í veg fyrir óþarfa kostnað fyrir sjóð og eigendur hlutdeildarskírteina hans.
- Þú skalt beita kostgæfni við val og viðvarandi vöktun á fjárfestingum.
- Þú skalt búa yfir fullnægjandi þekkingu og skilningi á eignumum sem sjóðurinn hefur fjárfest í.

### 3.2. Fylgni við lög, reglur og stefnur Íslandssjóða

Starfsmenn haga störfum sínum í samræmi við lög og reglur sem gilda um starfsemi félagsins sem og þeim stefnum og reglum sem félagið hefur sjálft sett sér um starfsemi sína. Starfsmenn þekkja og fylgja þeim lögum sem gilda um starfsemi félagsins.

### Hvað þýðir þetta fyrir þig?

- Þú þekkir viðeigandi lög, reglur og innri reglur félagsins sem starfssvið þitt snerta.
- Þú tilkynnir viðeigandi aðila innan félagsins ef þú verður var við brot eða hefur grun um brot á lögum, reglum og innri starfsreglum.
- Þú viðheldur þekkingu þinni á þeim skyldum sem gilda um starf þitt.
- Þú leitar til sérfræðinga ef þú ert í vafa um túlkun á lögum eða reglum í starfi þínu.

### 3.3. Peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Við leitumst við að koma í veg fyrir að rekstur og starfsemi félagsins sé notað til peningaþvættis eða til að fjármagna hryðjuverkstarfsemi. Við grípum til þeirra ráðstafana sem mögulegar eru til að uppfylla ytrustu kröfur sem gerðar eru til fjármálafyrirtækja á innlendum og alþjóðlegum vettvangi.

Hvað þýðir þetta fyrir þig?

- Þú þekkir reglur og innra verklag um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og skyldur samkvæmt þeim.

### 3.4. Trúnaðar- og þagnarskylda

Viðskiptavinir Íslandssjóða geta treyst félaginu fyrir meðferð trúnaðarupplýsinga. Við fylgjum viðeigandi lagaákvæðum um trúnaðarupplýsingar og þagnarskyldu og tryggjum með því öryggi upplýsinga viðskiptavina félagsins, jafnt innan félagsins sem utan.

Hvað þýðir þetta fyrir þig?

- Þú virðir ávallt reglur um þagnarskyldu og meðferð trúnaðarupplýsinga.
- Þú notar aldrei trúnaðarupplýsingar í þágu eigin hagsmuna eða vandamanna.
- Þú deilir ekki, án samþykkis viðskiptavinar, trúnaðarupplýsingum með þriðja aðila nema lög mæli svo fyrir.
- Þú tryggir að trúnaðarupplýsingar séu ekki aðgengilegar öðrum og skilur ekki trúnaðargögn eftir í opnu rými þegar þú ferð.

## 4. PERSÓNULEG HEGÐUN STARFSMANNA

### 4.1. Hagsmunaárekstrar

Íslandssjóðir leggja ríka áherslu á að allir starfsmenn félagsins séu meðvitaðir um hættuna á hagsmunaárekstrum hvað starf þeirra varðar og grípi til viðeigandi aðgerða til þess að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar í starfsemi félagsins hafi neikvæð áhrif á hagsmuni viðskiptavina.

Hvað þýðir þetta fyrir þig?

- Þú þekkir og virðir stefnu Íslandssjóða um hagsmunaárekstra.
- Þú greinir hvaða aðstæður það eru sem valda eða geta valdið hagsmunaárekstrum í starfseminni sem hafa í för með sér hættu á að hagsmunir viðskiptavina félagsins, sjóða í rekstri eða félagsins sjálfs skaðist.
- Þú ert ábyrgur fyrir því að greina og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem geta tengst þér sjálfum þ.e. hvers konar tengsl þín, fyrrum eða yfirstandandi, persónu- eða fagleg, sem eru til þess fallin að skapa hagsmunaárekstra í starfi.

### 4.2. Innherjaupplýsingar

Starfsmenn félagsins kunna eftir atvikum að búa yfir innherjaupplýsingum, þ.e. upplýsingum sem eru ekki aðgengilegar almenningi og geta haft áhrif á markaðsverð fjármálagerna. Meðferð starfsmanna á innherjaupplýsingum skal vera í samræmi við viðeigandi lög, reglur og innri reglur félagsins. Þannig er staðið vörð um jafnræði meðal fjárfesta.

Hvað þýðir þetta fyrir þig?

- Þú þekkir og fylgir viðeigandi lögum og reglum um meðferð innherjaupplýsinga.
- Þú þekkir ferla sem fylgja því að vera skráður á innherjalista einstakra fyrirtækja þegar svo ber undir.
- Þú misnotar ekki innherjaupplýsingar og sýnir varkárni í viðskiptum með fjármálagerna.

### 4.3. Ytri samskipti

Íslandssjóðir leggja áherslu á vönduð samskipti við haghafa.

Hvað þýðir þetta fyrir þig?

- Þú talar ekki fyrir hönd félagsins í fjölmiðlum og/eða á samfélagsmiðlum og/eða tjáir þig um starfsemi félagsins í fjölmiðlum án samþykkis framkvæmdastjóra.
- Þú fylgir settu verklagi félagsins vegna fyrirspurna frá eftirlitsaðilum.

#### 4.4. Upplýsingaöryggi

Íslandssjóðir fylgja stefnu móðurfélags í upplýsingaöryggismálum á samstæðugrundvelli. Leitast er við að tryggja að viðskiptavinir og hagsmunaaðilar félagsins verði ekki fyrir óþægindum vegna upplýsingatæknimála.

##### Hvað þýðir þetta fyrir þig?

- Þú fylgir stefnu samstæðunnar um upplýsingaöryggi.
- Þú tilkynnir eins fljótt og auðið er um frávik frá upplýsingaöryggi eða öryggiskröfum.
- Þú fylgir viðeigandi verklagi samstæðunnar er varðar upplýsingaöryggi.
- Þú notar upplýsingakerfi samstæðunnar eingöngu að því marki sem er nauðsynlegt vegna starfa þinna og í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

#### 4.5. Hegðun og umgengi á vinnustað

Starfsmenn ganga snyrtilega um vinnustaðinn og þann búnað sem er í eigu félagsins. Starfsmenn skulu ávallt vera félaginu til sóma og hafa almenna snyrtimennsku í fyrirrúmi.

##### Hvað þýðir þetta fyrir þig?

- Þú klæðist snyrtilegum og viðeigandi fatnaði við vinnu þína.
- Þú vinnur ekki undir áhrifum áfengis né ávana- eða fíkniefna.

### 5. EFTIRLIT OG VIÐURLÖG

Brot og frávik frá starfs- og háttænisreglum þessum geta eftir atvikum haft í för með sér áminningu eða brottrekstur. Það er á ábyrgð framkvæmdastjóra Íslandssjóða að tryggja að starfsmenn þeirra þekki og fylgi reglum þessum og skal framkvæmdastjóri bregðast við frávikum með viðeigandi hætti. Brot og frávik geta haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir Íslandssjóða, þ.m.t. tjón fyrir viðskiptavinum félagsins, spillt orðspori félagsins eða varðað sektum. Starfsmaður getur einnig borið persónulega bóta- eða refsiaðbyrgð vegna brota sinna.

Eftirlit með starfsemi félagsins liggur hjá mismunandi einingum innan félagsins. Eftirlit getur leitt til þess að framkvæmdastjóri sé upplýstur um frávik og skal hann þá bregðast við með viðeigandi hætti og taka ákvörðun um beitingu viðurlaga.

Íslandssjóðir hafa gert þjónustusamning við mannauðssvið Íslandsbanka og heldur mannauðssvið skrá um beitingu viðurlaga við reglum þessum og veitir framkvæmdastjóra leiðbeiningar um viðeigandi viðbrögð ef þörf krefur.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á uppfærslu reglnanna.

Þannig samþykkt af stjórn Íslandssjóða þann 19. janúar 2021.